

Fertugasti og fjórði fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 28. mars 2019 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir: Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi.

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta

- a. Kristján Stefánsson f.h. Vigdísarholts ehf. sækir um starfsleyfi fyrir hjúkrunarheimili með 40 hjúkrunarrými á fjórum deildum með móttökueldhúsi auk dagdvalar með 26 rými, að Safnatröð 1 á Seltjarnarnesi.
Heilbrigðiseftirlitið gaf leyfi út til tólf ára þann 28. febrúar 2019 með vísan til laga um hollustuhætti og með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar.
„Staðfest.“
- b. Þórunn L. Þórarinsdóttir f.h. Dýralæknirinn í Mosfellsbæ ehf. sækir um starfsleyfi vegna flutnings í nýtt húsnæði fyrir dýralæknastofu að Urðarholti 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um hollustuhætti og með starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi með gæludýr.“
- c. Hörður Traustason f.h. Nesveitingar ehf. sækir um starfsleyfi vegna eigandaskipta fyrir rekstri veitingastofu í Golfklúbbi Ness á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli og laga um hollustuhætti.“
- d. Karl Viggó Vigfússon f.h. BlackBox Pizzeria ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir framleiðslu á forpökkuðum pizzum og veitingastofu með pizzum að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli og laga um hollustuhætti.“
- e. Herdís Kristín Sigurðardóttir sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Laxatungu 41, Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf leyfi út til tólf ára þann 4. mars 2019 með starfsleyfisskilyrðum fyrir minna gistiheimili og með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar.
„Staðfest.“
- f. Mosfellsbær sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir íþróttamiðstöðina að Lækjarhlíð, Mosfellsbæ.
Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfið til 12 ára þann 12. mars 2019 með samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir íþróttahús og líkamsræktarstöðvar og samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir sund og baðstaði.
„Staðfest.“

Umsóknir um starfsleyfi á sviði mengunarvarna útgefin í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- g. ÞK byggingastjórn og ráðgjöf sækir um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs á gamla golfskálanum á Hlíðavelli í Mosfellsbæ ásamt nærliggjandi geymsluskúr. Starfsleyfið var auglýst til 6. mars 2019, engar athugasemdir bárust og gaf heilbrigðiseftirlitið út leyfið í framhaldinu með [starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrifi húsa](#) með gildistíma til 1. maí 2019.
„*Staðfest.*“
- h. Helgi Rafnsson sækir um leyfi til að rífa alifuglahús, hesthús og hlöðu að Brattahlíð 16-18. Starfsleyfið var auglýst til 26. febrúar 2019, engar athugasemdir bárust og gaf heilbrigðiseftirlitið út leyfið í framhaldinu með [starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrifi húsa](#) með gildistíma til 28. apríl 2019.
„*Staðfest.*“

2. Umsagnir:

a. Erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dagsett 14. febrúar þar sem óskað er umsagnar um erindi Strætó bs. varðandi framlengingu á verkefni varðandi gæludýrahald í strætó um þrjá mánuði.

Lagt fram svarbréf Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 25. febrúar 2019 þar sem gefin var jákvæð umsögn um erindið.

„*Staðfest.*“

b. Umsögn um erindi Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmda vegna skíðasvæðisins í Bláfjöllum.

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dagsett 15. febrúar 2019 þar sem óskað er umsagnar um hvort skíðasvæði í Bláfjöllum skuli háð mati á umhverfisáhrifum eftir að ný gögn framkvæmdaaðila hafa verið lögð fram í málinu.

Lögð fram eftirfarandi viðbótargögn framkvæmdaraðila.

- Bláfjöll – skíðasvæði í Kópavogi. Fyrirspurn um matskyldu. Umsagnir og athugasemdir uppfært 12. febrúar 2019.
- Verksamningur Ísor ohf. dagsettur 30. janúar 2019 um rýni grunnvatnslíkans og tillögur að grunnvatnsrannsóknum.
- Bréf Vegagerðarinnar dagsett 8. febrúar 2019 til SSH Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins, mótvægisáðgerðir vegna Bláfjallavegar og Bláfjallaleiða.
- Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 6. mars 2019.

„*Staðfest.*“

c. Umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir frístundalóðir við norðanvert Langavatn.

- Með tölvubrési Mosfellsbæjar dagsett 25. febrúar 2019 er óskað umsagnar Heilbrigðiseftirlitsins um deiliskipulagstillögu fyrir frístundalóðir við norðanvert Langavatn.
- Lagður fram deiliskipulagsuppdráttur fyrir frístundalóðir við norðanvert Langavatn dagsettur 6. maí 2018 unnin af Magnús Jensson teiknistofu.
- Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 4. mars 2019.

„*Staðfest.*“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

d. **Frumvarp um hollustuhætti og mengunarvarnir til umsagnar.**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskaði með tölvubréfi 27. febrúar umsagnar heilbrigðiseftirlitsins um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. (stjórnvaldssektir o.fl.), 542. mál.

Með tölvubréfi Mosfellsbæjar dagsett 7. mars er kynnt niðurstaða bæjarráðs Mosfellsbæjar þar sem ofangreint mál er lagt fyrir bæjarráð. Samþykkt með þremur atkvæðum á 1389. fundi bæjarráðs að vísa erindinu til umsagnar og afgreiðslu Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis.

Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 15. mars 2019.

3. **Héraðsdómur Reykjavíkur mál nr. Y-3/2018 Fylkir ehf. gegn**

Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. Úrskurður 14. mars.

Ofangreindur dómur var lagður fram.

Fram kemur að dómurinn féllst á að heilbrigðiseftirlitinu hafi verið rétt og raunar skylt miðað við það hlutverk sem eftirlitið sinnir og hliðsjón af þeim hagsmunum sem því ber að gæta, að krefja sóknaraðila um úrbætur þegar upp komst að fráveitukerfið væri ófullnægjandi. Þá hafi eftirlitið einnig fyllilega gætt að öllum meginreglum stjórnáráðs andstætt því sem sækjandi hélt fram.

Úrskurðarorð dómsins eru eftirfarandi: Kröfu sóknaraðila, Fylkis ehf. um að felld verði úr gildi fjárnámsgerð Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu nr. 2018-02178, sem fram fór 16. mars 2018 að kröfu varnaraðila Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, er hafnað og gerðin að kröfu varnaraðila staðfest.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 900.000 krónur í málskostnað.

4. **Gjaldskrá fyrir heilbrigðis og mengunarvaraeftirlit á svæði**

Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Sveitarstjórnir hafa samþykkt drög að gjaldskrá og verður hún því send í auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda.

5. **Fyrirhugaðar svifryksmælingar í Mosfellsbæ**

Umhverfisstofnun hefur að beiðni heilbrigðiseftirlitsins samþykkt að hefja svifryksmælingar í Mosfellsbæ með færanlegum svifryksmæli stofnunarinnar. Óformleg tillaga stofnunarinnar er að mælingar fari fram við Brúarland þar sem kvartanir hafa borist Umhverfisstofnun um loftmengun þar.

Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis þiggur boð Umhverfisstofnunar um mælingar á svifryki (PM10) í Mosfellsbæ. Nefndin mun taka endanlega ákvörðun um staðsetningu mælisins þegar fyrir liggur álit veðurfræðings á hvar möguleg uppsöfnun svifryks er í bænum.

6. **Gæludýr í strætó**

Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dagsett 6. mars þar sem upplýst er um að ráðuneytið fallist á umbeðna undanþágu Strætó frá 3. málslið 2. mgr. 55. gr. reglugerðar nr. 941/2002, um hollustuhætti, um að dýr megi ekki flytja í almennum farþegarýmum samgöngutækja nema með sérstökum skilyrðum sem fram koma í bréfinu.

7. **Önnur mál**

- a. Lögð fram 127. fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- b.** Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 19. febrúar 2019 varðandi áætlanir sveitarfélaga um úrbætur í fráveitumálum.